



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 18. mars 2021

RMF21030002

4.1.1

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sameiginleg bókasafnsskírteini á höfuðborgarsvæðinu

Hjálögð er beiðni borgarbókaráðar um að bókasafnsskírteini almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu verði sameiginleg. Það myndi þýða að skírteini gefin út af einu safni myndi gilda í þeim öllum.

Í ljósi þess að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð er stjórn Borgarbókasafns Reykjavíkur er óskinn lögð fyrir ráðið, með von um samþykki.

Önnur sveitarfélög hafa þegar samþykkt þessa breytingu fyrir sitt leyti.

Markmiðið er meðal annars að bæta þjónustu bókasafnanna við lánþega en ekki er gert ráð fyrir að þessu fylgi neinn viðbótarkostnaður fyrir rekstur Borgarbókasafnsins.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Beiðni forstöðumanna bókasafna á höfuðborgarsvæðinu

Til sveitastjórna á höfuðborgarsvæðinu.

Á næsta ári verður tekið í notkun nýtt bókasafnskerfi hjá Landskerfi bókasafna hf, sem m.a. þjónustar almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum tímamótum er tilvalið að endurskoða verkferla og þá þjónustu sem bókasöfnin veita og gera enn betur.

Þjónusta almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu skiptist í tvær blokkir, annars vegar Borgarbókasafn Reykjavík, Bókasafn Seltjarnarness og Bókasafn Mosfellsbæjar og hins vegar Bókasafn Kópavogs, Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar. Hvor blokk um sig hefur haft með sér samstarf um eitt árgjald fyrir hvern lánþega, skil á safnefni og akstur á því milli safnanna. Þessi tilhögun hefur ekki haft áhrif á tekjur safnanna. Hins vegar hefur þetta auðveldað mjög millisafnalán milli þeirra og bætt þjónustuna til muna, lánþegum til mikillar ánægju.

Nú sjáum við tækifæri til að bæta þjónustuna enn frekar með því að sameina blokkirnar tvær í eina.

Það er ósk okkar, forstöðumanna almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu að bókasafnsskírteini verði sameiginleg fyrir höfuðborgarsvæðið, þannig að skírteini gefið út í einu safni, gildi í þeim öllum.

Pálína Magnúsdóttir, Borgarbókasafni Reykjavíkur

Lísa Zachrison Valdimarsdóttir, Bókasafni Kópavogs

Margrét Sigurgeirsdóttir, Bókasafni Garðabæjar

Sigrún Guðnadóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar

Auður Halldórsdóttir, Bókasafni Mosfellsbæjar

María Björk Óskarsdóttir, Bókasafni Seltjarnarness